



B 336/præsidiet

Afgreiðsla Forsætisnefndin

Forsætisnefndin forsætisnefndar um
ráðherranefndartillögu
um Samstarfsáætlun um málefni norðurslóða 2022–2024

Tillaga

Forsætisnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún framfylgi samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um málefni norðurslóða 2022-24 og tryggi að markmið framtíðarsýnarinnar fyrir 2030 verði gerð skýr á norðurslóðum.

Bakgrunnur

Norræna ráðherranefndin (NMR) hefur frá 1996 framkvæmt röð samstarfsáætlana sem varða málefni norðurslóða með mismunandi forgangsröðun, sem hluta af starfi að málefnum norðurslóða. Áætlanirnar hafa stuðlað að því að auka þekkingu á umhverfi, atvinnulífi og félagslegum aðstæðum á svæðinu. Samstarfsáætlunin um málefni norðurslóða gegnir mikilvægu hlutverki í starfinu að því að efla norrænt og alþjóðlegt samstarf á norðurslóðum.

Samstarfsáætlunin fyrir tímabilið 2022-2024 verður sú níunda í röðinni og sú fyrsta innan ramma framtíðarsýnarinnar fyrir árið 2030. Meginábyrgð á framkvæmd og umsjón með samstarfsáætluninni um málefni norðurslóða er í höndum samstarfsráðherranna en skipuð verður norræn ráðgjafarnefnd um málefni norðurslóða sem getur veitt aðstoð við framkvæmd áætlunarinnar á hverju ári. Umsjón með opnu umsóknarlotunni má útvista.

Sjónarmið forsætisnefndar

Að mati forsætisnefndarinnar er norðurslóðaáætlunin mikilvægt tæki til að styrkja málefni norðurslóða og virkar sem lyftistöng fyrir önnur verkefni ráðherranefndarinnar vegna norðurslóða. Norðurskautssvæðið er líka eitt af þremur helstu áherslusviðum í stefnu Norðurlandaráðs í alþjóðamálum árin 2018–2022. Norðurlöndin fimm eiga fulltrúa í Norrænu ráðherranefndinni og í Norðurskautsráðinu, en Norræna ráðherranefndin er áheyrnarfulltrúi í Norðurskautsráðinu.



Því er upplagt að það sé náið samstarf um verkefni og starfsemi sem tengjast málefnum norðurslóða. Samstarfsáætlunin um málefni norðurslóða má þó ekki verða fjármögnunarleið fyrir Norðurskautsráðið (sem hefur ekki eigin fjárhagsáætlun), og ráðherranefndin þarf ætíð að tryggja að verkefni frá Norðurskautsráðinu sem eru fjármögnuð af samstarfsáætluninni, hafi raunverulegt norrænt notagildi og séu í samræmi við norræn forgangsmál.

Að mati forsætisnefndarinnar er það gagnlegt að Samstarfsáætlunin felur bæði í sér pólitísk forgangsmál þar sem norrænu ríkisstjórnirnar hrinda af stað verkefnum, og hluta sem er opinn umsækjendum frá norrænum aðilum sem hyggjast framkvæma verkefni þar sem tryggt er að markmiðum verði fylgt. Þó er þörf fyrir rækilega yfirferð við val áverkefnisumsóknum til að tryggja að einungis verkefni sem styðja beinlínis við markmiðin í framtíðarsýn fyrir 2030 og hafa norrænt notagildi verði valin. Þeim verkefnum þarf að tryggja fjármögnun og leggja ber niður fyrra verklag þar sem einungis var veitt hlutfjármögnun til að geta styrkt fleiri verkefni. Markmiðið hlýtur að vera gæði fremur en magn. Einnig er það mat forsætisnefndarinnar að tryggja þurfi að pólitísk forgangsmál áætlunarinnar hljóti nægilega fjármögnun og að norrænu löndin nýti sér með virkum hætti tækifærið til að framkvæma aðgerðir sem tryggja framkvæmd markmiða framtíðarsýnarinnar fyrir 2030.

Að mati forsætisnefndarinnar þarf að beina sjónum nánar að forgangsröðun verkefna og aðgerða þeirra sem ráðherranefndin óskar að framkvæma. Í samstarfsáætluninni eru allt of mörg markmið og forgangsmál, sem stendur skilvirkum og öflugum aðgerðum fyrir þrifum.

Það kemur fram í áætluninni að;

- i) þess er óskað að Samstarfsáætlunin stuðli að því að ná þremur stefnumarkandi forgangsmálum Framtíðarsýnar fyrir 2030, sem eru græn Norðurlönd, samkeppnishæf Norðurlönd og félagslega sjálfbær Norðurlönd,
- ii) áætlunin eigi að stuðla að því að ná þeim 12 markmiðum Norrænu ráðherranefndarinnar sem koma fram í stefnumarkandi framkvæmdaáætlun fyrir 2021-2024,
- iii) áætlunin eigi að eiga þátt í að stuðla að innleiðingu Norðurlanda á 17 heimsmarkmiðum SP á norðurslóðum,
- iv) áætlunin eigi að leggja sitt til 21 forgangssviðs innan sviðanna: Planet, Peoples, Prosperity, Partnerships, og þá er þess óskað
- v) að Samstarfsáætlunin verði framlag til þverlægra áætlana varðandi jafnrétti og málefni barna og ungmenna. Þó ætlunin sé lofsverð þá er talið að slíkur fjöldi ólíkra markmiða sé of metnaðarfullt innan áætlunar þar sem fjárhagsramminn nemur tæplega 10 milljónum danskra króna.

Norræna sjálfbærnefndin vill vekja athygli á eftirfarandi hugleiðingum

- nefndin gerir athugasemd við að norðurslóðaverkefni á vegum ungs fólks hafi fengið takmarkaða styrki frá ráðherranefndinni og óskar nefndin eftir því að verkefni með aðkomu ungs fólks njóti meiri forgangs



- gott væri að þverlægt þema samstarfsáætlunarinnar væri að leggja áherslu á hlutverk og framlag ungs fólks og sömuleiðis ætti að leggja á þetta áherslu innan hvers þema fyrir sig
- í kaflanum „Planet“ ætti að vísa í vistkerfin í setningunni „Viðurkenning á mikilvægi og breytingum á líffræðilegri fjölbreytni og *vistkerfum*“ og bæta við tilvísun í *aðlögunarhæfa stjórnun* sem byggist á vistkerfisstjórnun.

Að mati forsætisnefndar er mikilvægt að samstarfsáætlunin styrki verkefni - auk framtíðarsýnar fyrir 2030 - sem eiga sér samsvörun í stefnumörkun landanna í málefnum norðurslóða. Samstarfsáætlunin á að virka sem lyftistöng fyrir norræna hagsmunum. Samstarfsáætlunin á einnig að leita samhljóms við stefnu ESB í málefnum norðurslóða, en bæði Norðurlandaráð og Norræna ráðherranefndin hafa lagt henni til hugmyndir. Með fjármögnun norðurslóðaverkefna með ESB þjónar norrænum hagsmunum og það gæti til dæmis verið á sviðum á borð við umhverfismál og loftslagsvöktun í samstarfi við Umhverfisstofnun Evrópu sem öll fimm norrænu löndin eiga aðild að.

Að mati forsætisnefndar er hagkvæmt að tímabil samstarfsáætlunarinnar er aðlagð stefnumarkandi framkvæmdaáætlunum til að ná hámarkssamlegð og sem mestum áhrifum. Í áætluninni kemur fram að hægt er að útvista umsýslu umsóknarferlisins vegna samstarfsáætlunar um málefni norðurslóða. Forsætisnefndin telur það stórt verkefni fyrir Norrænu ráðherranefndina að tryggja ábyrga umsýslu með fjárveitingum ráðherranefndarinnar og verkefnum á vegum hennar, og að það hljóti að vera hagkvæmt að umsýslu og fjármálastjórn verkefnanna verði útvistuð til einherrar norrænu stofnananna til að létta byrðum umsýslu af skrifstofunni, til dæmis til NordRegio sem áður hefur haft umsjón með verkefnum varðandi norðurslóðir.

Norðurlöndum, 7. september 2021

Anders Eriksson (ÅF)
Annette Lind (S)
Aron Emilsson (SD)
Bertel Haarder (V)
Christian Juhl (EL)
Erkki Tuomioja (sd)
Gunilla Carlsson (S)
Hans Wallmark (M)

Jouni Ovaska (cent)
Linda Modig (C)
Magnus Ek (C)
Martin Kolberg (A)
Michael Tetzschner (H)
Oddný G. Harðardóttir (Sf)
Wille Rydman (saml)